

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1718
komudagur 29.4.2005

Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna

Hringbraut 121,

107 Reykjavík – Netfang: hagthenkir@hagthenkir.is – Sími: 551 9599 – Fax: 562 8528

Umsögn Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagn, um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. (þskj. 974, 643. mál).

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna eru rithöfundassamtök með rúmlega 450 félagsmenn sem starfa víðsvegar um samfélagið, einkum í menntakerfinu og við rannsóknir. Félagið hefur umboð félagsmanna til samninga um sameiginleg hagsmunamál þeirra. Síðan árið 1992 hefur Hagþenkir haft samning við Ríkisútvarpið um greiðslur fyrir efni frá félagsmönnum. Félagar í Hagþenki koma víða við dagskrárgerð útvarpsins, bæði sem höfundar efnis, álitsgjafar og sérfræðingar. Meðal markmiða félagsins er að gera starf fræðirita- og námsgagnahöfunda og framlag þeirra til íslenskrar menningar sýnilegt. Það er því ljóst að félagsmenn Hagþenkis eiga mikið undir því að vel takist til um nýja skipan Ríkisútvarpsins.

Meginefni frumvarpsins er formbreyting Ríkisútvarpsins yfir í sameignarfélag. Hagþenkir tekur ekki afstöðu til nýs rekstrarforms RÚV en leggur áherslu á að fagleg sjónarmið verði látin ráða stefnu þess í framtíðinni og að allt verði gert til að losa það undan beinum pólitískum afskiptum.

Hagþenkir fagnar því að RÚV verði áfram útvarp í almannabágu sem beri skylda til að sinna listum, menningu og fræðum á breiðum grundvelli.


Hagþenkir gerir þó athugasemd við það að ekki sé gengið alla leið í því að afnema pólitíska stjórn yfir RÚV. Félagið hvetur menntamálanefnd og Alþingi til að koma því þannig fyrir að stjórn RÚV verði skipuð á faglegum grundvelli og að þar eigi sæti fulltrúar fræði- og listamanna og almennings.

Hagþenkir fagnar því að kveðið sé á um skyldu RÚV til að varðveita og gera aðgengilegt dagskrárefni til frambúðar sbr. 3.g. 3 mgr. 15. tölulið. Félagið vill þó minna á að samningar við rétthafa sem þar er kveðið á um taki ætíð tillit til þess að rétthafar fái sanngjarna umbun fyrir verk sín þegar þau eru birt í nýju formi. Þetta á jafnt við um rétthafa tónlistar og annars áður útgefins efnis og þá sem koma að dagskrárgerð fyrir RÚV.

Í tengslum við þetta gerir félagið athugasemd við 2. tölulið sömu málsgreinar sem kveður á um að RÚV skuli „ birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.“ Í þessum tölulið er ekki kveðið á um að semja skuli við rétthafa og höfunda efnis aðra en fastráðna starfsmenn um slíka birtingu. Hagþenkir hvetur til þess að ákvæði í þessa veru verði bætt inn í töluliðinn,

enda gefur útsending í útvarpi ekki sjálfkrafa rétt til annarrar birtingar. Má í þessusambandi minna á nýlegan dóm í Svíþjóð þar sem dagblöð voru dæmd fyrir að birta verk lausráðinna blaðamanna í stafrænum gagnabanka án sérstaks samnings þar um.

F.h. Hagþenkis,



Jón Yngvi Jóhannsson,
frankvæmdastjóri